



Akureyri, 11. september 2026

Til sveitarstjórna á Norðurlandi eystra

Efni: Áætlun um svæðisbundna forgangsörðun aðgerða um farsæld barna á Norðurlandi eystra 2027-2030

Ágæta sveitarstjórn,

Meðfylgjandi eru Áætlun um svæðisbundna forgangsörðun aðgerða um farsæld barna á Norðurlandi eystra 2027-2030 og fundargerð 8. fundar Farsældarráðs Norðurlands eystra frá 9. september 2026. Á fundinum var áætlunin samþykkt og ákveðið að senda hana sveitarstjórnnum og framkvæmdastjórnnum þjónustuveitenda ríkisins til umfjöllunar. Farsældarráð hefur jafnframt samþykkt að óska eftir því að sveitarstjórnir á Norðurlandi eystra taki áætlunina til formlegrar afgreiðslu og senda Farsældarráði upplýsingar um niðurstöðuna.

Áætlunin er unnin á grundvelli laga nr. 86/2021 um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna og er liður í lögbundnu hlutverki farsældarráða samkvæmt 5. gr. laganna. Við gerð hennar var byggt á stefnumótun stjórnvalda um farsæld barna, niðurstöðum farsældarþings og viðtæku samráði við sveitarfélög, þjónustuveitendur ríkisins og aðra samstarfsaðila á Norðurlandi eystra.

Áætlunin markar sameiginlegar áherslur landshlutans í málefnum barna og fjölskyldna til ársins 2030. Henni er ætlað að vera sameiginlegt leiðarljós fyrir áframhaldandi samstarf og þróun þjónustu í þágu farsældar barna, með það að markmiði að styrkja samhæfingu, snemmtækan stuðning og markvissa nýtingu þeirra tækifæra sem felast í auknu samstarfi þvert á kerfi og stofnanir.

Mikilvægt er að líta á áætlunina sem skref í áframhaldandi innleiðingu farsældarlaganna á Norðurlandi eystra. Fram undan er frekari vinna við þróun og útfærslu einstakra aðgerða, eflingu samstarfs þeirra sem að þeim koma og eftirfylgd með framkvæmd þeirra á komandi árum.

Undirritaður kemur með ánægju á fund sveitarstjórnar til að kynna áætlunina nánar og ræða efni hennar ef óskað er eftir því.

Virðingarfyllt,

Þorleifur Kr. Níelsson

Verkefnastjóri Farsældarráðs Norðurlands eystra